

LÖG

um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dóm-sátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöfðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað ártalsins „1999“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: 2004.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætast sjö nýir töluliðir, 29.–35. tölul., sem orðast svo:

- | | |
|---|-------------|
| 29. Leyfi til reksturs fjarskiptabjónustu | 80.000 kr. |
| 30. Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets | 20.000 kr. |
| 31. Leyfi til reksturs pósthjónustu | 80.000 kr. |
| 32. Leyfi til sjónvarps | |
| a. til þriggja ára | 96.000 kr. |
| b. til fimm ára | 160.000 kr. |
| c. til sjö ára | 224.000 kr. |
| 33. Leyfi til hljóðvarps | |
| a. til allt að tveggja mánaða | 3.000 kr. |
| b. til eins árs | 22.000 kr. |
| c. til tveggja ára | 44.000 kr. |
| d. til þriggja ára | 66.000 kr. |
| e. til fimm ára | 110.000 kr. |
| 34. Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í 32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul. | |
| 35. Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð | |
| a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997 | 50.000 kr. |
| b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 | 30.000 kr. |
| c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 | 10.000 kr. |

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 14. og 15. tölul., er orðast svo:

14. Skráning póstrekenda	10.000 kr.
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptabjónustu	10.000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:

1. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:

a. Almennt gjald	4.600 kr.
b. Fyrir skyndiútgáfu	9.200 kr.
c. Fyrir neyðarvegabréf	2.300 kr.

b. 2. tölul. orðast svo:

2. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:

a. Almennt gjald	1.700 kr.
b. Fyrir skyndiútgáfu	3.400 kr.
c. Fyrir neyðarvegabréf	850 kr.

c. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:

15. Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni	3.500 kr.
16. Fyrir bráðabirgðaökuskírteini, ökuskírteini 65 ára og eldri og ökuskírteini fyrir flokkana M og T	2.000 kr.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

6. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frá-dregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og inn-heimtu gjaldsins.

V. KAFLI

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999, að undanskilinni 2. gr. laganna sem öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.